

# FUNDUR Í FRAMKVÆMDARÁÐI SNÆFELLSNESS

14. fundur ráðsins haldinn

Þriðjudaginn 28. mars 2006 kl. 13:00 – 16:30

í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði

Á fundinn mættu:

Guðrún Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar [ljós@hellnar.is](mailto:ljos@hellnar.is),

Róbert Stefánsson, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, [robert@nsv.is](mailto:robert@nsv.is),

Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, [dagny@stykkiholmur.is](mailto:dagny@stykkiholmur.is),

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls [gudbjorg@ust.is](mailto:gudbjorg@ust.is),

Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar [theyr@bref.is](mailto:theyr@bref.is),

Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar [finsen@soffi.is](mailto:finsen@soffi.is),

Lydía Rafnsdótti, fulltrúi Snæfellsbæjar [lydia@centrum.is](mailto:lydia@centrum.is)

## Dagskrá fundar:

1. Niðurstöður eftir úttekt Stan Rodgers á Snæfellsnesi
2. Bæklingurinn kynntur
3. Auglýsingar í bæjarblöð vegna GG21
4. Fulltrúi Ferðamálasamtaka Snæfellsness mætir á fundinn
5. Önnur mál

Formaður setti fundinn og var gengið beint til dagskrár.

### Niðurstöður eftir úttekt Stan Rodgers á Snæfellsnesi

Farið var yfir þá skýrslu sem Guðrún hafði útbúið í lok úttektar Stan Rodgers á Snæfellsnesi. Kom þar ýmislegt fram sem gera þarf úrbætur á áður en aftur verður farið í úttekt eftir 6 mánuði eða svo. Setja þarf hugtakið “sjálfbær þróun” inn í alla vinnu sveitarfélaganna. Öryggisatriðum er víða mjög ábótavant hér og hvar um bæina en það er mál sem einfalt er að laga með litlum tilkostnaði. Samkvæmt vatnsmælingum Benchmarking viðmiða á ekki að mæla neysluvatn eins og gert hefur verið, heldur gæði vatns í ám og vötnum. Þar sem flestar ár eru stuttar og um óverulega mengun í þeim að ræða, er þetta ekki raunhæf mælieining fyrir Snæfellsnes. Stan Rodgers stakk upp á því að mæld yrðu vatnsgæði sjávar í fjöruborðinu, en þá koma upp annarskonar vandamál, sem eru frárennsli. Ábendingar komu fram um að merkingum væri víða ábótavant á opinberum byggingum á Nesinu og erfitt fyrir aðkomufólk að átta sig á hvað er hvar og

hvar skal leita. Sveitarfélögin þurfa að einbeita sér að merkingum innanbæjar eins og að merkja bæjarskrifstofur, verslanir o.fl. en Framkvæmdaráðið heldur áfram að vinna að merkingum í dreifbýli Snæfellsness.

Stærsta málið sem vinna þarf í framhaldi af skýrslu Stans er endurgerð á stefnu og framkvæmdaáætlun Snæfellsnes, sem þarf að vera í samræmi við þá 12 meginþætti sem kannaðir eru bæði þegar viðmiðum er mætt og eins þegar að vottun kemur. Rætt var um hver tæki það verkefni að sér. Sigríður Finsen kom með þá tillögu að Guðrún, ásamt Stefáni Gíslasyni tæki verkefnið að sér. Guðrún tók að sér að ræða það við Stefán og koma með kostnaðaráætlun á verkið.

Ákveðið var að stjórn undir forystu Róberts, haldi fund með öllum bókurum á Nesinu fyrir páska til að kanna hvort ekki sé hægt að koma upp einföldu bókunarkerfi á innkaup, svo auðvelt sé að nálgast tölur til að mæta viðmiðum árlega. Sami hópur mun einnig halda fund með yfirmönnum áhaldahúsa og ræða við þá um verklagsreglur.

Rætt var um að hafa þyrfti samráð við Almannavarnanefnd Snæfellsness og fá að fylgjast með þegar öryggisáætlun hennar er tilbúin.

### **Bæklingurinn kynntur**

Hrafnhildur Jóna kynnti fundinum bæklinginn sem næstum er tilbúin til prentunar og fer í prentun fyrir síðustu helgi marsmánaðar, einungis vantað örfáar auglýsingar sem voru væntanlegar . Mjög glæsilegur bæklingur í alla staði og allir ánægðir með hann.

### **Auglýsingar í bæjarblöð vegna GG21**

Samþykkt var að senda auglýsingu sem Róbert og Guðrún sömdu í bæjarblöðin til að hvetja íbúa Snæfellsnes til að tjá sig um Green Globe verkefnið, koma með tillögur eða gangrýni og sýna að íbúarnir fylgjast með. Auglýsingin birtist í blöðum sveitarfélaganna í 14. viku.

### **Fulltrúi Ferðamálasamtaka Snæfellsness mætir á fundinn**

Fulltrúi frá Ferðamálasamtökunum gat ekki mætt á fundinn (veðurtepptur á Norðurlandi) og varamaður gat ekki heldur mætt. Eintak af bæklingnum var því sent til Skúla á Hellissandi og Svanborgar í Sæferðum til yfirlestrar, en það var hluti af samstarfi við Ferðamálasamtök Snæfellsness.

### **Önnur mál**

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið.

Fundarritari

Lydia Rafnsdóttir